

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 75/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2001 frá 30. mars 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2012/2000 frá 21. september 2000 um breytingu á 4. viðauka við bókun nr. 9 við aðildarlögin frá 1994 og reglugerð (EB) nr. 3298/94 varðandi kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi) fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 26a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92) og lið 26aa (bókun 9 við aðildarlögin):

„- **32000 R 2012:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2012/2000 frá 21. september 2000 um breytingu á 4. viðauka við bókun nr. 9 við aðildarlögin frá 1994 og reglugerð (EB) nr. 3298/94 varðandi kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi) fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki (Stjtið. EB L 241, 26.9.2000, bls. 18).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 158, 14.6.2001, bls. 65 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 14.6.2001, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 241, 26.9.100, bls. 18.

2. Eftirfarandi komi í stað töflunnar í aðlögunarlið a) í lið 26aa:

”

Ár	Hundraðshlutfall umhverfispunkta	Umhverfispunktar fyrir ökutæki samningsaðila
(1)	(2)	(3)
1991	100,0 %	23.962.280
2001	47,2 %	11.318.836
2002	43,5 %	10.432.232
2003	39,6 %	9.483.955

“

3. Eftirfarandi komi í stað töflunnar í aðlögunarlið b) í lið 26aa:

”

Land	2001	2002	2003
I	3 688 365	3 401 686	3 076 080
D	3 453 294	3 182 073	2 898 150
A	1 476 911	1 355 533	1 274 152
NL	909 981	840 560	750 500
GR	443 800	409 792	366 994
DK	298 415	275 649	246 115
B	234 349	216 080	195 793
FL	155 548	143 682	128 287
UK	62 630	57 852	51 654
S	55 553	51 315	45 817
F	36 841	34 031	30 385
LUX	36 841	34 031	30 385
SF	34 072	31 473	28 101
N	34 072	31 473	28 101
E	8 842	8 167	7 292
IRL	7 368	6 806	6 077
P	2 947	2 722	2 431
ISL	741	684	611
Vara- punktar fyrir EES	378 266	348 623	317 030
SAMTALS	11 318 836	10 432 232	9 483 955

“

2. gr.

Texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2012/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.